

## Rafpóstur

43. árgangur

2009

nr. 1550

### Um Harald Hjálmarsson frá Kambi

Haraldur Árni Hjálmarsson fæddist á Hofi á Höfðaströnd hinn 21. desember árið 1908 og lést í Reykjavík 15. febrúar árið 1970, jarðsettur á fæðingarstað sínum. Faðir hans var Hjálmar Þorgilsson bóndi á Hofi og síðar Kambi í Deildardal. Höfðu faðir hans og afi búið á Kambi fyrir hans daga. Móðir Haraldar og kona Hjálmars var Guðrún Magnúsdóttir frá Sleitustöðum í Hólahreppi. Hún lést í blóma lífsins, aðeins 29 ára að aldri, sumarið eftir að Haraldur fæddist. Hólmfríður Þorgilsdóttir föðursystir Haraldar gerðist þá brátt ráðskona hjá bróður sínum og tók hún Harald að sér og gekk í móðurstað og ól hann upp, fyrst á Hofi, síðan á Kambi.

Hann fór í Hólaskóla en barst síðar til Siglufjarðar þar sem hann gerðist starfsmaður Kjötbúðar Siglufjarðar um langt skeið og lærði kjötið. Hann tók próf frá Samvinnuskólanum, var tíma verslunarstjóri hjá KRON í Reykjavík. Á árunum 1950-1961 starfaði hann hjá KS á Sauðárkróki og bjó þá hér. Árið 1964 hóf hann störf í Útvegsbankanum og var þar bankaritari til æviloka.

Haraldur byrjaði lítið að yrkja fyrr en á fullorðinsárum, en á sjötta og sjöunda áratug aldarinnar varð hann landsþekktur hagrýðingur. Kunnastur varð hann fyrir brennivínsvísur sínar og má segja að þær einkenni kveðskap hans. Mest var ort, þegar vín var haft um hönd: "...gerðar undir áhrifum / eru mínar stökur", kveður Haraldur. Hann var vínhneigður í meira lagi og kunnur að meta og orða snillilega ánægjuleg samskipti við Bakkus, en honum var jafn ljóst, að stundum var of langt gengið og ánægjan hafði sínar slæmu afleiðingar. Margar þessar vísur flugu hratt og víða, voru í hávegum hafðar, er menn komu saman og gerðu sér glaðan dag. Haraldur orðar þetta svo á einum stað:

Stökur mínar hlaupa hratt um harðar grundir.

Menn kveða þær og stytta stundir

og stundum tek ég sjálfur undir.

Árið 1992 kom út dálítið ljóða- og lausavísnað eftir Harald Hjálmarsson og bar heitið Hagyrðingur af Höfðaströnd. Þar var safnað saman mörgu því helsta,

sem þá var tiltækt af kveðskap Haraldar frá Kambi.

Einhver fleygasta vísa Halla var þessi sem allir vísnamenn kunnu á sinni tíð:

Brennivín er betra en matur,  
bragðið góða svíkur eigi.  
Eins og hundur fell ég flatur  
fyrir því á hverjum degi.

Víðfræg er vísa, sem til varð, er Haraldur sat að sumbli við fjórða mann og Sigurhjörtur Pétursson lögfræðingur kom aðvífandi og kastaði fram hendingum. Segja sumir, að Sigurhjörtur hafi kveðið alla vísuna, en aðrir telja, að Haraldur hafi slegið í botninn með því að telja upp þá drykkjufélaga og er það öllu trúlega, því vísan sver sig mjög í ætt Halla:

Ekki er þessi fylking frýn,  
full af viskíþambi.  
Hani, krummi, hundur, svín  
og Haraldur frá Kambi.

En Halli fór stundum í bindindi. Einhverju sinni, er honum var boðið vín undir slíkum kringumstæðum, brást hann þannig við:

Enþá get ég á mig treyst  
og ölinu frá mér hrundið.  
En þetta er orðið eins og þú veist  
erfiðleikum bundið.

Og svo komu áramót:

Ekkert fann ég áfengi  
allan nýársdaginn.  
Leitaði þó með logandi  
ljósi um allan bæinn.

Áramótin 1965 fengu þessi eftirmæli:

Nú árið er liðið í aldanna skaut  
 og annað er komið í staðinn.  
 Í gærkveldi hengdu menn höfuðin blaut  
 á heimskunnar snaga uns vínið allt þraut,  
 en eftir sat skömmin og skaðinn.

Haraldur sat eitt sinn að sumbli með Þorbergi Þorsteinssyni, sem kenndur var við Sauða. Voru þeir orðnir vínlausir og vildi Þorbergur út eftir meira víni. Haraldur taldi ráð að hætta, en Þorbergur vildi það ekki og hélt til leitar. Haraldur kvað:

Toggi labbar leitandi,  
 lét það vera að háttá.  
 Það er orðin þreytandi  
 þessi lífsbarátta.

Seinustu ár sín vann Haraldur í Útvegsbankanum og urðu þá enn til vísur. Segja má, að þau sannindi, sem næsta vísa hefur að flytja, eigi ekki síður við um þessar mundir en fyrir fimmtíu árum eða svo, þegar hún var gerð:

Í bönkum er slegist enn um auðinn  
 og oft farnar leiðir dular.  
 Sá étur yfirleitt bestu brauðin,  
 sem borgar treglega -- skuldar.

Og einhvern tímann á bankaárunum varð þessi til:

Þá orti hann eitt sinn:  
 Ef að Halli á því lendir  
 uppgefinn á bankastriti  
 er ekkert sem að á það bendir  
 að hann sé með fullu viti.

Svo var það eitt sinn á hans síðustu árum að Halli lendir á helgarfyllirí -- ekki í fyrsta skipti. Að þessu sinni hafði hann verið á skemmtistöðum og farið nokkuð gálauslega með ávísanaheftið. Á mánudegi mætir svo Halli í bankann einhvern tímann fyrir hádegi í djúpum móral og ekki vel fyrir kallaður. Hittir hann þá stjóran frammi við dyr, mjög alvarlegan í bragði. „Þetta er ljótt með tékkana“

segir stjóri. „Já, svarar Halli dræmt, það er náttúrulega ekki gott. „Ekki gott, það er bara hryllilegt“, segir stjóri og er þungt niðri fyrir. „Ja, já, það má kannski segja það“, muldrar Halli. „Já við ætlum að hafa einnar mínútu þögn hér í bankanum um hádegið út af þessu.“ Þá þykir Halla niðurlæging sín næg orðin, rífur sig upp og segir: „Er það nú ekki heldur langt gengið út af nokkrum helvítis ávísunum?“

Það sem Halli vissi ekki var að um nóttina höfðu Rússar gert innrás í Tékkóslóvakíu.

Önnur saga segir að Halli hafi einhverju sinni verið með nokkrar hænur sem hann hugðist hafa sér til gagns og gamans. Svo þegar Halli lenti á fylliríistúrum komu þeir tímar hann hann sinnti ekkert um hænurnar svo að dögum skipti. Þetta var auðvitað mjög slæmt og kom að því að einhver fór að álasa Halla fyrir að hirða ekki um hænurnar þegar hann færi svona á fyllirí. En Halli hafði líka sína skoðum á dýravernd og svaraði. „Þú hlýtur að skilja það maður að ég get ekki farið að láta hænurnar sjá mig í svona ástandi.“